

3. gr.

Svæðisráð málefna fatlaðra í Norðurlandskjördæmi vestra hefur sama hlutverk gagnvart byggðasamlaginu eða þeim aðila sem það felur reksturinn, sbr. 1. gr., og gagnvart Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra.

4. gr.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hefur sama hlutverki gagnvart byggðasamlaginu eða þeim aðila sem það felur reksturinn, sbr. 1. gr., og gagnvart Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra.

Samþykkt þessi sem gerð er af sveitarstjórnnum Húnaþings vestra, Áshrepps, Sveinsstaðahrepps, Torfalækjarhrepps, Svínavatnshrepps, Bólstaðarhlíðarhrepps, Engihlíðarhrepps, Vindhælishrepps, Skagahrepps, Höfðahrepps, Blönduóssbæjar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Akrahrepps og Siglufjarðarkaupstaðar, að undangengnum samningi milli sveitarfélaganna og félagsmálaráðuneytisins, dags. 23. mars 1999, sbr. 13. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytinu, 29. apríl 1999.

Páll Pétursson.

Sturlaugur Tómasson.

REGLUGERÐ

um tilhögun skýrslutöku fyrir dómi af brotaþola yngri en 18 ára.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur einvörðungu til þess þegar skýrsla er tekin fyrir dómi af brotaþola, sem er yngri en 18 ára. Hún á hins vegar ekki við þegar lögregla tekur skýrslu af brotaþola eða aflar gagna eða upplýsinga frá honum, sbr. þó 12. gr.

2. gr.

Ákvæði II. og III. kafla gilda almennt um skýrslutöku fyrir dómi af brotaþola, yngri en 18 ára, hvort sem ákæra hefur verið gefin út eða ekki. Ákvæði IV. kafla eiga að auki við þegar skýrsla er tekin fyrir dómi af brotaþola, yngri en 18 ára, meðan á rannsókn máls stendur, sbr. 74. gr. a í lögum um meðferð opinberra mála.

II. KAFLI

Aðstæður við skýrslutöku.

3. gr.

Skýrsla af brotaþola, sem er yngri en 18 ára, skal almennt tekin á dómþingi fyrir luktum dyrum, sbr. b-lið 8. gr. laga um meðferð opinberra mála.

4. gr.

Ef brotaþoli er yngri en 14 ára eða um er að ræða brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga skal skýrslutaka að jafnaði fara fram annars staðar en í dómsal nema brot

sé smávægilegt og dómari telji hagsmunum barnsins borgið þótt skýrslutaka fari fram með venjulegum hætti.

Í öðrum tilvikum getur dómari ákveðið að skýrsla af brotaþola á aldrinum 14-18 ára skuli tekin annars staðar en í dómsal ef sérstakar ástæður mæla með því.

5. gr.

Þegar skýrslutaka fer fram annars staðar en í dómsal skal skýrsla tekin í sérútbúnu húsnæði ef þess er nokkur kostur.

Salurinn eða herbergið, þar sem skýrslutakan sjálf fer fram, skal vera innréttaður og búinn húsgögnum og leikföngum með það fyrir augum að barninu, sem gefur skýrslu, líði sem best. Þar skal og vera til staðar búnaður til að unnt sé að taka skýrsluna upp á myndband.

Þá skal húsnæðið vera þannig úr garði gert að þeir, sem ekki eru viðstaddir sjálfa skýrslutökuna, en eiga rétt á að fylgjast með henni, sbr. 10. gr., geti gert það um leið og hún fer fram. Þannig verði séð til þess að þeir geti jafnóðum heyrt allt, sem fram fer, og jafnframt fylgst með því gegnum þar til gert gler eða á sjónvarpsskjá.

6. gr.

Þegar skýrslutaka fer fram annars staðar en í dómsal, en sérútbúið húsnæði er ekki fyrir hendi, skal engu síður kappkostað að fullnægja þeim kröfum um aðbúnað og aðrar aðstæður við skýrslutöku sem gerðar eru í 5. gr.

III. KAFLI

Almenn ákvæði um tilhögun skýrslutöku.

7. gr.

Ef skýrsla er tekin af brotaþola eftir að ákæra hefur verið gefin út skal skýrslutaka fara fram í tengslum við aðalmeðferð máls þótt skýrsla sé tekin annars staðar en í húsnæði hlutaðeigandi dómstóls.

8. gr.

Dómari setur þinghald og ráðgast eftir atvikum við ákæranda, verjanda og réttargæslumann brotaþola áður en brotaþoli kemur fyrir dóm til skýrslugjafar.

Dómari leiðbeinir brotaþola um skyldu hans sem vitnis til að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan, sem máli skiptir, og skýrir fyrir honum ábyrgð hans í því sambandi, allt eftir aldri og þroska barnsins.

9. gr.

Dómari getur kvatt kunnáttumann, t.d. sérþjálfaðan sálfræðing eða lögreglumann, sér til aðstoðar við skýrslutöku, einkum þegar brotaþoli er yngri en 14 ára.

Dómari stýrir skýrslutöku og skal hún framkvæmd á eins varfærinn hátt og unnt er, þó með það að leiðarljósi að fá brotaþola til að skýra satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli skiptir. Þótt kunnáttumaður sé til kvaddur getur dómari ákveðið að spyrja brotaþola sjálfur með aðstoð hans. Dómari getur einnig falið kunnáttumanninum að spyrja brotaþola beint og jafnframt lagt fyrir hann að spyrja barnið tiltekinna spurninga.

Dómara er rétt að leggja fyrir brotaþola þær spurningar sem ákærandi eða verjandi óska. Ef þeir eru viðstaddir skýrslutöku getur dómari ennfremur gefið þeim kost á að spyrja barnið beint. Þá getur réttargæslumaður óskað þess að dómari spyrji brotaþola tiltekinna spurninga og jafnframt getur dómari heimilað honum að spyrja barnið beint.

Að öðru leyti gilda um skýrslutökuna ákvæði 1. - 6. mgr. 59. gr. laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við á.

10. gr.

Ef dómari telur að nærvera ákæranda, ákærða og verjanda hans geti orðið brotþola sérstaklega til íþyngingar eða haft áhrif á framburð hans getur hann ákveðið að þeir víki úr þingsal eða þeim sal eða herbergi þar sem skýrslutaka fer fram. Því aðeins er hægt að grípa til þessa úrræðis að séð verði til þess að ákærandi, ákærði og verjandi geti fylgst með skýrslutökunni um leið og hún fer fram, sbr. 3. mgr. 5. gr.

Réttargæslumaður brotþola á ávallt rétt á því að vera viðstaddur skýrslutöku af brotþola. Sömu leiðis fulltrúi eða starfsmaður barnaverndarnefndar og foreldri brotþola, sbr. 3. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga. Ef dómari telur að nærvera þessara manna geti orðið brotþola sérstaklega til íþyngingar eða haft áhrif á framburð hans getur hann mælt til þess að einhverjir þeirra eða þeir allir víki úr þingsal eða þeim sal eða herbergi þar sem skýrslutaka fer fram enda sé séð til þess að þeir geti fylgst með skýrslutökunni um leið og hún fer fram. Ef foreldri verður ekki við tilmælunum getur dómari úrskurðað að það skuli víkja á brott, t.d. ef það er sakborningur eða sérstök hættu er á að nærvera þess geti haft áhrif á framburð brotþola. Úrskurður dómara sætir ekki kærui til Hæstaréttar, sbr. niðurlag 3. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga.

11. gr.

Ef gripið hefur verið til þess úrræðis, sem mælt er fyrir um í 10. gr., er rétt að dómari geri hlé á skýrslutöku svo að hann geti eftir atvikum ráðgast við ákæranda, verjanda og réttargæslumann brotþola, að brotþola fjarstöddum, um framhald skýrslutökunnar, þ. á m. leitað eftir því hvort þeir óski að leggja tilteknar spurningar fyrir hann.

IV. KAFLI

Sérstök ákvæði um tilhögun skýrslutöku á rannsóknarstigi.

12. gr.

Lögregla sér um að rannsaka mál og afla allra tiltækra gagna og upplýsinga, þ. á m. frá brotþola, til þess að ákæranda sé fært að ákveða að rannsókn lokinni hvort sækja skuli mann til sakar.

13. gr.

Ef rannsókn beinist að broti á XXII. kafla almennra hegningarlaga og brotþoli hefur ekki náð 18 ára aldri þegar rannsókn hefst ber lögreglu skv. a-lið 1. mgr. 74. gr. a í lögum um meðferð opinberra mála, þegar hún telur tímabært, að leita atbeina dómara sem sér um að taka skýrslu af honum eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum og þessari reglugerð.

Í öðrum tilvikum er lögreglu heimilt, en ekki skylt, að leita atbeina dómara til að taka skýrslu af brotþola á rannsóknarstigi enda séu skilyrði b- eða c-liðar 1. mgr. 74. gr. a fyrir hendi.

Beiðni um skýrslutöku skal að jafnaði vera skrifleg og skulu fylgja henni öll nauðsynleg gögn og upplýsingar um málið.

14. gr.

Þegar skýrsla er tekin fyrir dómi skv. 13. gr. er lögreglu ávallt heimilt að vera viðstödd skýrslutöku nema dómari telji að nærvera hennar geti orðið brotþola sérstaklega til íþyngingar eða haft áhrif á framburð hans. Getur dómari þá gripið til þess úrræðis, sem fyrir er mælt í 10. gr., enda verði séð til þess að lögregla geti fylgst með skýrslutöku um leið og hún fer fram og haft nauðsynlegt samráð við ákæranda meðan á henni stendur.

15. gr.

Dómara ber að tilkynna ákæranda, verjanda sakbornings og réttargæslumanni brotaþola um það með hæfilegum fyrirvara hvar og hvenær skýrslutaka af brotaþola á rannsóknarstigi fer fram svo að þeir geti verið viðstaddir hana.

Sakborningur á rétt á að vera viðstaddur skýrslutöku ásamt verjanda sínum nema dómari telji að nærvera hans geti orðið brotaþola sérstaklega til íþyngingar eða haft áhrif á framburð hans. Skal dómari þá sjá til þess, ef þess er kostur, að sakborningur geti fylgst með skýrslutökunni um leið og hún fer fram, sbr. 3. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 10. gr.

16. gr.

Dómara ber að sjá til þess, ef þess er kostur, að skýrsla brotaþola á rannsóknarstigi verði tekin upp á myndband til afnota á síðari stigum málsmeðferðar.

17. gr.

Að lokinni skýrslutöku sendir dómari lögreglu endurrit úr þinghaldinu auk eintaks af myndbandi með skýrslu brotaþola, sbr. 16. gr.

V. KAFLI

Gildistaka.

18. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 7. mgr. 59. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, sbr. lög nr. 36 19. mars 1999, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. maí 1999.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Benedikt Bogason.

REGLUGERÐ**um búnaðarmál.**

1. gr.

Jarðabætur.

Samkvæmt ákvæðum 6. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og í samræmi við ákvæði 11. gr. samnings um verkefni samkvæmt búnaðarlögum frá 5. mars 1999 skulu Bændasamtök Íslands veita framlög til eftirtalinnna jarðabóta á einstökum jörðum:

Verkefnafl. 1. Endurræktun vegna aðlögunar að lífrænum búskap.

Endurræktunin skal gerð skv. ákvæðum reglugerðar um lífræna landbúnaðarframleiðslu nr. 219/1995. Vottorð frá vottunarstofu um að svo hafi verið gert skal fylgja úttektarvottorði. Þá skal koma fram stærð hins endurræktaða lands í ha eða m².

Verkefnafl. 2. Umhverfis- og gæðaverkefni í garðyrkju.

Úttekt getur þá fyrst farið fram þegar tækin hafa verið sett upp og þau reynd. Öllum úttektarvottorðum skal fylgja staðfesting (ljósrit af reikningi) á kaupverði tækis án uppsetningar. Viðmiðunarverð tækja og búnaðar reiknast án virðisaukaskatts.